



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Skipulagsdeild  
Akureyrarbær  
Geislagata 9  
600 Akureyri

23. október 2019  
MÍ201910-0042/ 6.08 / S.G.

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

## Hólasandslína, umsögn um aðalskipulagsbreytingu.

Með tölvupósti sendum þann 11 október óskaði verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um aðalskipulagsbreytingu vegna Hólasandslínu, dagsett 7. október 2019. Breytingin felur í sér að Hólasandslínu 3 færist til norðs um 3-400 metra kafla við suðurenda flugbrautar Akureyrarflugvallar. Minjavörður tók þetta svæði út vegna annars verkefnis í júlí sl. og fann þar engar fornleifar. Hin breytingin á aðalskipulaginu er að jarðstrengurinn færist lítillega til norðurs á um 5-600 m kafla norðan Kjarnaskógar vegna fornleifa sem fundist þar við fornleifaskráningu.

Engar frekari fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar, enda komi deiliskipulagið inn til umsagnar síðar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Sædis Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra

*Afrit sent:*  
Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til ævra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.